



# NÁMSKRÁ

## FAGNÁM Í UMÖNNUN FATLAÐRA

 FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ  
ATVINNULÍFSINS  
MENNTUN Á VINNUMARKAÐI





**Nafn námskrár:**

Fagnám í umönnun fatlaðra

Námskrá númer 17-296-2-324.

**Vinnustundir námsmanns:**

324 klukkustundir.

**Hverjum ætlað:**

Fullorðnu fólki á vinnumarkaði, með stutta formlega menntun.

**Fjöldi eininga:**

Allt að 16 framhaldsskólaeiningar.

**Útgefandi:**

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

1. útgáfa, 2017.

## Efnisyfirlit

Námskrá .....	1
Skipulag.....	2
Hæfniviðmið náms.....	2
Námsmat .....	3
Starfsnám.....	3
Frjálst val.....	3
Kennaraupplýsingar .....	3
Námsþættir .....	5
Velferðarþjónustan og hugmyndafræði fötlunar .....	6
Fatlanir og þjónustustörf .....	8
Erfðir og þroski.....	10
Mannréttindi og siðferði.....	11
Geðsjúkdómar og lyf.....	12
Lífstíll og heilsa.....	14
Samskipti og samvinna .....	16
Starfið og námið .....	18
Áföll og afleiðingar.....	20
Framkvæmd þjónustu við fatlað fólk.....	21
Lokaverkefni .....	23
Starfsþjálfun.....	25
Viðaukar .....	27
Hæfnipættir námsþátta.....	28
Færnimappa og / eða verkdagbók.....	40

## Námskrá

Fagnám í umönnun fatlaðra lýsir námi á 2. þrepi hæfniramma um íslenskt menntakerfi, skipt í 12 námsþætti. Námskráin Fagnám í umönnun fatlaðra lýsir námi á 2. þrepi sem skiptist í 12 námsþætti. Markmið námsins er að auka færni og þekkingu námsmanna á aðstæðum og þörfum fatlaðs fólks til að efla lífsgæði þeirra og virkni. Í náminu er lögð áhersla á sjálfsefningu, lífsgæði og réttindi fatlaðs fólks með því að veita þeim viðeigandi þjónustu. Námið er ætlað þeim sem starfa eða vilja starfa við umönnun fatlaðra en í því felst að vinna við þjónustu á heimilum og stofnunum fyrir fatlaða. Það getur einnig hentað þeim sem starfa í þjónustu við aldraða og sjúka og fyrir þá sem vinna með börnum og unglingum í vanda. Breyttar áherslur í starfi kalla á aukna fagmennsku og markvissa starfsþróun þannig að starfsfólk geti veitt framsækna og metnaðarfulla þjónustu.

Námið var upphaflega þróað af Fræðsluáhrifum Starfsmennt árið 2002 í samstarfi við fjölda hagsmunaaðila en það hefur tekið nokkrum breytingum í samræmi við breyttar kröfur og nýjungar í þjónustunni.

Námið spannar 324 klukkustundir. Mögulegt er að meta námið til 16 eininga á framhaldsskólastigi.

## Skipulag

Viðurkenndur fræðsluaðili ber ábyrgð á framkvæmd námsins og skipuleggur hversu miklum tíma hvers námsþáttar er varið undir leiðsögn leiðbeinanda annars vegar og í sjálfstætt nám hins vegar. Fræðsluaðili skipar verkefnastjóra náms. Hlutverk hans er að hafa umsjón með náminu og framkvæmd þess, sjá til þess að námsþættir séu samþættir og tryggja rökrétta samfellu þeirra. Hann sér einnig um samstarf við lykilstarfsfólk á vinnustöðum og ber ábyrgð á þjónustu við námsmenn. Lögð er áhersla á að leiðbeinendur noti fjölbreyttar kennsluaðferðir sem henta fullorðnum námsmönnum. Æskilegt er að leiðbeinendur hafi í huga alla námsþætti námskrárinnar og leitist við að nota raunveruleg viðfangsefni. Í því skyni að sem flestir finni námsnálgun og námshraða við sitt hæfi er mikilvægt að bjóða fjölbreytt verkefni, til dæmis fyrirlestra, einstaklingsverkefni, vettvangsferðir, dæmisögur, verklegar æfingar sem námsmenn leysa einir eða í hópi, rökræður og umræður. Kennslufyrirkomulag miðar að þjálfun á færni á vinnustað samhliða náminu en fræðsluaðila er heimilt að auka vægi lokaverkefna sem styðja við yfirfærslu náms þannig að þeir sem stunda námið án þess að starfa í greininni geti lokið því með fullnægjandi hætti.

## Hæfniviðmið náms

Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Grunnatriðum í hugmyndafræði sem unnið er eftir í þjónustu við fatlað fólk.
- Almennri þjónustu við fatlað fólk sem ríki, sveitarfélög og hagsmunasamtök veita.
- Manneskjunni og þörfum hennar.
- Skipulagi og framkvæmd þjónustu við fatlað fólk.
- Starfsumhverfi, reglum og vinnuferlum á vinnustað.
- Gagnlegum aðferðum í samskiptum.

Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- Beita aðferðum sem henta mismunandi þörfum notenda þjónustunnar.
- Vinna með öðrum við lausn vandamála.
- Taka þátt í uppbyggilegum samskiptum.
- Setja markmið í einkalífi og starfi.
- Vinna sjálfstætt eftir skipulagi á vinnustað.

Námsmaður skal geta hagnýtt sér þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- nýta góða starfshætti í samræmi við stefnu vinnustaðar.
- greina og leysa algeng verkefni á vinnustað með fullnægjandi hætti.

- tileinka sér jákvætt viðmót.
- eiga árangursrík samskipti við samstarfsfólk og notendur þjónustunnar.
- veita notendum viðeigandi þjónustu, aðstoð og leiðsögn.
- sýna trú á eigin getu.
- vera fær um að setja sig í spor þeirra sem búa við fötlun.
- auka faglega vitund sína og skilnings í starfi.
- stuðla að bættum lífsgæðum notenda þjónustunnar.

## Námsmat

Námsárangur er metinn út frá þekkingar-, leikni- og hæfniviðmiðum námsins með fjölbreyttum matsaðferðum sem fræðsluaðili samþykkir og lýst er í kennsluáætlun. Áhersla er lögð á að leiðbeinandi og námsmenn fari sem oftast yfir það sem hefur áunnist og hvernig námsmönnum gangi að ná hæfniviðmiðum námsins. Námsmati er ætlað að nýtast sem staðfesting á námsárangri og jafnframt sem lærdómur, hvatning og endurgjöf á námstímanum. Viðmið frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins um almenna starfshæfni á 2. þrepi má leggja til grundvallar við námsmat.

## Starfsnám

Einn hluti námsins er starfsþjálfun (F-STFH2SP\_12). Tilgangur þess námshluta er að styðja við yfirfærslu náms á vinnustað og þjálfna þá hæfni og leikni sem námið hefur byggt upp. Fræðsluaðili ásamt vinnuveitanda skipuleggja starfsþjálfun. Starfsreynsla og vinna með námi er metin í þessum námsþætti eða vægi verkefna vinnu aukið eftir því sem fræðsluaðili ákveður. Aukið vægi verkefnavinnu á eingöngu við ef námsmaður hefur ekki tækifæri til að taka þátt í starfsþjálfun.

## Frjálst val

Skipuleggjanda er heimilt að gera breytingar sem nema allt að 10% af heildarlengd námsins ef þær fara ekki í bága við markmið eða tilgang þess. Breytingar sem nema meira en 10% eru aðeins heimilaðar með samþykki Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.

## Kennaraupplýsingar

Leiðbeinendur skilgreina með námsmönnum þarfir, tilgang og markmið, með tilliti til forþekkingar námsmanna, markmiða þeirra og námstækni. Leiðbeinendur þurfa að búa yfir samskiptafærni til að tengjast námsmönnum og vinna traust þeirra. Þeir þurfa að gera sér grein fyrir algengum hindrunum í námi fullorðinna svo sem kvíða og óöryggi og bregðast á viðeigandi hátt við þeim. Leiðbeinendum ber að örva og hvetja námsmenn og svara þörfum þeirra fyrir útskýringar og endurgjöf. Framsetning og viðfangsefni þurfa að hafa sem mesta tengingu við veruleika og reynslu námsmanna.



## Námsþættir

Nafn námsþáttar	Skammstöfun	Klst. m. leiðb.	Klst. án leiðb.	Prep
Velferðarþjónustan og hugmyndafræði fötlunar	F-UMÖN2VE	20		2
Fatlanir og þjónustupörf	F-UMÖN2FA	18		2
Erfðir og þroski	F-UMÖN2ER	24		2
Mannréttindi og siðferði	F-UMÖN2MA	8		2
Geðsjúkdómar og lyf	F-UMÖN2GS	12		2
Lífstíll og heilsa	F-UMÖN2LH	12		2
Samskipti og samvinna	F-UMÖN2SS	24		2
Starfið og námið	F-UMÖN2VM	12		2
Áföll og afleiðingar	F-UMÖN2ÁÁ	6		2
Framkvæmd þjónustu við fatlað fólk	F-UMÖN2GM	18		2
Lokaverkefni	F-UMÖN2LV	10	40	2
Starfsþjálfun	F-UMÖN2SP		120	2
<b>Vinnuframlag námsmanns</b>		<b>164</b>	<b>160</b>	



## Velferðarþjónustan og hugmyndafræði fötlunar

<b>Prep</b>	2
<b>Vinnustundir</b>	20
<b>Námsgrein</b>	Umönnun fatlaðra
<b>Viðfangsefni</b>	Velferðarkerfið, stjórnsýsla, lög, reglugerðir, barnavernd

### Lýsing

Tilgangur þessa námsþáttar er að námsmenn öðlist staðgóða þekkingu á uppbyggingu velferðarkerfisins og grundvallarhugmyndum um þjónustu við fatlað fólk. Fjallað er um skilgreiningar sem búa að baki hugtökum, sem og um gildismat, hugmyndafræði og leiðir til að efla gæði þjónustunnar. Fjallað er um helstu áskoranir sem velferðarkerfið stendur frammi fyrir og velt er upp hugmyndum sem miða að því að byggja upp öflugan og virkan velferðarþjónustu til framtíðar. Kynntar eru áherslur í stjórnsýslu byggðar á lögum, reglugerðum og öðrum viðmiðum um málefni fatlaðs fólks. Einnig eru kynntar nýjungar í þjónustu við fatlað fólk sem byggir á sjálfseflingu og ákvörðunarrétti um tilhögun daglegs lífs. Loks er fjallað um aðra hópa sem njóta ríkrar verndar, svo sem börn og regluverk barnaverndar, þar sem áhersla er lögð á atriði sem taka þarf tillit til þegar um fötlun er að ræða.

### Hæfniviðmið námsþáttar

Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Meginstoðum, helstu þjónustupáttum og hugmyndum um þróun velferðarkerfisins.
- Lykilhugtökum, hugmyndafræði og aðferðum sem unnið er eftir í þjónustu við fatlað fólk.
- Grundvallaratriðum í barnaverndarstarfi og þjónustuúrræðum sem notuð eru við barnavernd, með áherslu á þjónustu við fötluð börn.

Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- Vinna eftir viðurkenndum aðferðum í þjónustu við fatlað fólk.
- Leita skýringa á þjónustupáttum í helstu lögum og reglugerðum sem lúta að starfi á félags- og heilbrigðissviði.
- Aðstoða notendur þjónustunnar við að leita réttar síns og nýta þjónustuna.

Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Hagnýta tengsl á milli hugmyndafræði, markmiða og aðferða sem unnið er eftir.
- Vera fær um að beita gagnrýnni hugsun við framkvæmd þjónustunnar.
- Tileinka sér viðteknar aðferðir innan velferðarþjónustu.
- Leita upplýsinga og gagna með ýmsum miðlum.

- Tryggja að meðferð persónuupplýsinga og gagna sé í samræmi við lög og reglur.

### Námsmat

Leiðbeinandi metur árangur og námsframvindu með fjölbreyttum matsaðferðum án þess að nota hefðbundin próf, til dæmis leiðsagnarmat, úrlausn verkefna og mat á frammistöðu eins og fram kemur í kennsluáætlun.

## Fatlanir og þjónustustörf

<b>Prep</b>	2
<b>Vinnustundir</b>	18
<b>Námsgrein</b>	Umönnun
<b>Viðfangsefni</b>	Fötlun og tegundir fatlana, hjálpartæki

### Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að efla þekkingu og skilning námsmanna á ýmsum skerðingum og fötlunum, helstu orsökum þeirra og áhrifum á daglegt líf fólks. Megináhersla er lögð á helstu flokka fötlunar og einhverfu. Einnig er farið í það hvernig aukin þekking og skilningur á greiningu og meðferð getur leitt til meiri lífsgæða þeirra sem búa við skerðingar og fatlanir. Fjallað er um mál og tal, tjáskiptaleiðir, heyrnarskerðingu, sjónskerðingu, blindu og hreyfihömlun. Kynnt er notkun hjálpartækja og hvernig þau eru valin. Fjallað er um þjálfunar- og meðferðarþarfir, áhersla er lögð á að efla skilning námsmanna á margbreytileika mannlegra aðstæðna og leiðir til að nálgast stuðning eða sérfræðiþekkingu. Fjallað er um stofnanir sem tengjast ólíkum þörfum og er farið í vettvangsferðir á stofnanir eftir því sem svigrúm er fyrir í náminu, svo sem á Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, Tölvumiðstöð fatlaðra, Breið bros, Samskiptamiðstöð heyrnarlausra- og heyrnarskertra, Málefli og Málbjörg.

### Hæfniviðmið námsþáttar

Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Helstu tegundum fatlana og orsökum þeirra.
- Áhrifum fatlana og skerðinga á daglegt líf.
- Einhverfu og helstu einkennum einhverfurófsins.
- Helstu kenningum um orsakir og áhrif einhverfurófsraskana.
- Notkun málsins til tjáskipta og ýmsum frávikum í máli og tali.
- Óhefðbundnum tjáskiptaleiðum í starfi með fötluðu fólki.
- Eðli og áhrifum heyrnarskerðingar og heyrnarleysis á daglegt líf fólks.
- Helstu þáttum sem skipta máli í umgengni við blinda og sjónskerta.
- Áhrifum alvarlegra hreyfihamlana á daglegt líf fólks.
- Helstu aðferðum í þjálfun og réttri notkun hjálpartækja.

Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- Nota aðferðir sem henta notendum þjónustunnar.
- Nota mismunandi tjáskiptaleiðir og tjáningaraðferðir í starfi með fötluðu fólki.
- Nota hjálpartæki í starfi með fötluðu fólki.
- Umgangast fatlað og sjúkt fólk og aðstoða það við daglegt líf.

---

Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Sýna faglega færni í starfi með fötluðu og sjúku fólki.
- Nýta viðeigandi þjónustu hjá sérhæfðum stofnunum.

### Námsmat

Leiðbeinandi metur árangur og námsframvindu með fjölbreyttum matsaðferðum án þess að nota hefðbundin próf, til dæmis leiðsagnarmat, úrlausn verkefna og mat á frammistöðu eins og fram kemur í kennsluáætlun.

## Erfðir og þroski

<b>Prep</b>	2
<b>Vinnustundir</b>	24
<b>Námsgrein</b>	Umönnun
<b>Viðfangsefni</b>	Erfðir, kynfræði, þroski, öldrun

### Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að efla skilning námsmanna á margbreytileika fólks og mismunandi aðstæðum. Grunnatriði erfðafræði eru rædd og hvernig erfðaþættir í samspili við umhverfi móta einstaklinginn og skapa breytileika í mannlífinu. Fjallað er um þroskaferil mannsins frá bernsku til fullorðinsára og rætt um líkamlegan, vitsmunalegan, tilfinningalegan og félagslegan þroska. Fjallað er um mun á fötlun og hömlum og fjallað um hvernig viðhorf í samfélaginu geta haft áhrif á lífsgæði fatlaðs fólks. Hugtakið fötlun er skoðað út frá ýmsum athöfnum daglegs lífs, þar með talið kynlíf, og gefin er innsýn í sérstök frávik og úrræði sem í boði eru. Fjallað er um öldrunarþjónustu við fatlað fólk, ólíkar þarfir og áhrif félagslegra þátta eins og starfsloka, missis og breytinga á búsetu.

### Hæfniviðmið námsþáttar

Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Helstu kenningum um erfðafræði og þroskaferli mannsins.
- Helstu greiningaraðferðum erfðafræðinnar.
- Helstu áhrifum erfða og umhverfis á frávik í fósturþróun.
- Ýmsum heilkennum sem hafa áhrif á stöðu einstaklinga.
- Helstu hugmyndum um greindarhugtakið.
- Öldrunarferli og ólíkum þörfum fatlaðs fólks.  
þörf fatlaðs fólks fyrir kynlíf og hugtökum sem notuð eru í tengslum við það.

Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- Nota aðferðir sem henta notendum þjónustunnar.
- Vinna með fötluðu fólki og taka tillit til ólíkra þarfa.

Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Sýna faglega færni í starfi með fötluðu fólki.
- Koma til móts við sértækar þarfir þeirra sem búa við fötlun eða eru sjúkir.

### Námsmat

Leiðbeinandi metur árangur og námsframvindu með fjölbreyttum matsaðferðum án þess að nota hefðbundin próf, til dæmis leiðsagnarmat, úrlausn verkefna og mat á frammistöðu eins og fram kemur í kennsluáætlun.

## Mannréttindi og siðferði

<b>Prep</b>	2
<b>Vinnustundir</b>	8
<b>Námsgrein</b>	Umönnun
<b>Viðfangsefni</b>	Virðing, viðhorf, mannréttindi, siðferði

### Lýsing

Tilgangur þessa námsþáttar er að námsmenn auki þekkingu sína og skilning á siðferðilegum viðmiðum. Skoðuð eru hugtök eins og mannréttindi, lífsgæði, valdefling, sjálfræði, sjálfstæði og forræðishyggja þar sem umræðan er tengd við framkvæmd þjónustu við fatlaða. Fjallað er um siðareglur og sáttmála þar sem siðferðileg álitamál eru reifuð. Jafnframt er fjallað um virðingu og viðhorf með tilliti til lífsgæða fatlaðs fólks, mikilvægi þess að virða einkalíf, skoðanir og sérstöðu notenda þjónustunnar og auka sjálfstæði þeirra. Fjallað um samskipti á milli starfsmanna og notenda þjónustunnar, þar á meðal um aðgreiningu á milli starfs og einkalífs og um siðferðileg álitaeefni sem geta komið upp í velferðarþjónustu.

### Hæfniviðmið námsþáttar

Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Mikilvægi siðferðilegra viðmiða í störfum á félags- og heilbrigðissviði.
- Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.
- Viðhorfum sem einkenna þjónustu við fatlað fólk.
- Stöðu fatlaðs fólks í samfélaginu.
- Leiðum sem stuðla að sjálfstæði fatlaðs fólks og valdeflingu.

Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- Styrkja jákvæða sjálfsmynd notenda þjónustunnar.
- Ræða siðferðileg álitaeefni.
- Koma fram af virðingu, setja sig í spor annarra og sýna tillitssemi.

Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Sýna dómgreind í siðferðilegum álitamálum.
- Virða sjálfsákvörðunarrétt fatlaðs fólks.
- Tileinka sér virðingu fyrir einkalífi fólks.

### Námsmat

Leiðbeinandi metur árangur og námsframvindu með fjölbreyttum matsaðferðum án þess að nota hefðbundin próf, til dæmis leiðsagnarmat, úrlausn verkefna og mat á frammistöðu, eins og fram kemur í kennsluáætlun.

## Geðsjúkdómar og lyf

<b>Prep</b>	2
<b>Vinnustundir</b>	12
<b>Námsgrein</b>	Umönnun
<b>Viðfangsefni</b>	Geðsjúkdómar, lyf, lyfjanotkun, fíkn og neysla

### Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að efla þekkingu og skilning námsmanna á geðsjúkdómum. Skoðað er hvernig aukin meðvitund og skilningur á greiningu og meðferð getur leitt til meiri lífsgæða þeirra sem búa við geðsjúkdóma. Fjallað er um þjálfunar- og meðferðarþarfir, áhersla er lögð á að efla skilning námsmanna á margbreytileika mannlegra aðstæðna og leiðir til að nálgast stuðning eða sérfræðiþekkingu.

Í námsþættinum er einnig fjallað um lyf og lyfjagjöf. Megináhersla er lögð á helstu flokka tauga- og geðlyfja, skammtastæðir þeirra og aukaverkanir en einnig er fjallað um lyf og lyfjameðferðir við flogaveiki. Fjallað er um ánetjun lyfja, notkun fíkniefna, þróun fíknar og afleiðingar á einstaklinginn, fjölskyldu, vini og nánasta umhverfi. Fjallað um áhrif neyslu á líkamann, skapferli og hegðun, um fráhrarfseinkenni og orsakabætti svo sem óöryggi, kvíða og depurð. Fjallað er um fíkniefni sem notuð eru hér á landi og sagt frá meðferðarúrræðum sem henta sértækum þörfum fatlaðs fólks.

### Hæfniviðmið námsþáttar

Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Helstu flokkum geðsjúkdóma og einkennum þeirra.
- Þáttum sem hafa áhrif á að fólk veikist af geðsjúkdómum.
- Sjúkdómsgreiningum og meðferðarúrræðum geðsjúkdóma.
- Helstu flokkum tauga- og geðlyfja, skammtastærðum, áhrifum og aukaverkunum þeirra.
- Lyfjum og lyfjameðferðum við flogaveiki.
- Hugmyndum um eðli og orsakir þess að fólk ánetjast lyfjum og fíkniefnum.
- Áhrifum ánetjunar á neytandann og þá sem umgangast hann.
- Helstu meðferðarúrræðum í ljósi þeirra sértæku þarfa sem fatlað fólk hefur.
- Einkenum sem hljóttast af notkun fíkniefna.

Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- Nota aðferðir sem henta notendum þjónustunnar.
- Koma fram af virðingu og sýna tillitssemi.
- Umgangast einstaklinga sem eru undir áhrifum og aðstoða þá við daglegt líf.

Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Átta sig á mikilvægi þess að nota heildstæðar vinnuaðferðir í þjónustu við fólk með geðsjúkdóma.
- Nýta viðeigandi þjónustu hjá sérhæfðum stofnunum.
- Beita dómgreind við að greina og meta þarfir einstaklinga sem eru í neyslu.
- Beita aðferðum til að vinna með meðvirkni í samskiptum.

### Námsmat

Leiðbeinandi metur árangur og námsframvindu með fjölbreyttum matsaðferðum án þess að nota hefðbundin próf, til dæmis leiðsagnarmat, úrlausn verkefna og mat á frammistöðu eins og fram kemur í kennsluáætlun.





## Lífstíll og heilsa

<b>Prep</b>	2
<b>Vinnustundir</b>	12
<b>Námsgrein</b>	Umönnun
<b>Viðfangsefni</b>	Lífstíll, heilsa, smitleiðir og sýkingarvarnir, líkamsbeiting

### Lýsing

Tilgangur þessa námsþáttar er að námsmenn auki þekkingu sína og skilning á mikilvægi heilbrigðra lífshátta. Fjallað er um hugtök, kenningar og skilgreiningar sem tengjast lýðheilsu, lífstíl, heilsu og aðferðum til að hafa áhrif á neysluvenjur. Fjallað er um smitleiðir og sýkingarvarnir ásamt mikilvægi góðrar tannheilsu og tannverndar hjá fötluðu fólki eða sjúklingum. Fjallað um áhrif lífshátta á heilbrigði sem og samspil erfða, umhverfis, lífsvenja og geðræktar. Fjallað er um stoðkerfi líkamans og rætt um nauðsyn þess að reyna hæfilega á líkamann, sérstaklega hrygg og liði. Lögð er áhersla á að heilsa og líðan starfsfólks skipti miklu máli og að mikilvægt sé að huga að vinnuaðstöðu og notkun á viðeigandi hjálpartækjum til að draga úr atvinnusjúkdómum í stoð- og hreyfikerfi líkamans.

### Hæfniviðmið námsþáttar

Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Hugmyndum og kenningum um lýðheilsu.
- Mikilvægi heilbrigðs lífennis og heilsutengdrar hegðunar.
- Áhrifum neysluvenja á lífstíl og heilsu.
- Algengum smitleiðum og sýkingarvörnum.
- Mikilvægi góðrar tannheilsu og tannverndar.
- Stoð- og hreyfikerfi líkamans.

Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- Vinna eftir hugmyndum um heilbrigðan lífstíl.
- Beita líkamanum rétt við vinnu og nota viðeigandi hjálpartæki.

Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Sýna gott fordæmi með því að tileinka sér heilbrigða lífshætti.
- Gera sér grein fyrir áhrifum góðrar líkamsbeitingar á líkamann og líðan.
- Átta sig á tengslum á milli lífennis og lífsgæða.

## Námsmat

Leiðbeinandi metur árangur og námsframvindu með fjölbreyttum matsaðferðum án þess að nota hefðbundin próf, til dæmis leiðsagnarmat, úrlausn verkefna og mat á frammistöðu eins og fram kemur í kennsluáætlun.

## Samskipti og samvinna

<b>Prep</b>	2
<b>Vinnustundir</b>	24
<b>Námsgrein</b>	Umönnun
<b>Viðfangsefni</b>	Árangursrík samvinna, samskipti, samtalstækni, félagssálfræði, og liðsheild

### Lýsing

Tilgangur þessa námsþáttar er að efla hæfni námsmanna í árangursríkum samskiptum. Megináhersla er lögð á samskipti og samvinnu á vinnustað í þeim tilgangi að auka hæfni námsmanna í að taka þátt í að skapa góðan starfsanda og viðhalda honum. Fjallað er um grunnþætti samskipta svo sem færni í hlustun, ákveðni, ábyrgð, að takast á við álag, setja sig í spor annarra, bregðast við erfiðum aðstæðum, sýna sveigjanleika og geta leyst verkefni í sameiningu. Þjálfaðar eru helstu aðferðir í árangursríku samtali svo sem að hlusta, leiðbeina og sýna raunverulegan áhuga á aðstæðum annarra. Fjallað er um atriði sem geta haft áhrif á kulnun í starfi og þær afleiðingar sem kulnun getur haft fyrir einstaklinginn og vinnustaðinn. Í námsþættinum er einnig fjallað um samskipti í hópum, áhrif þeirra og mikilvægi hópsins fyrir einstakling á mismunandi aldurs skeiðum.

### Hæfniviðmið námsþáttar

Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Mismunandi samskiptaleiðum.
- Aðferðum í samtalstækni og virkri hlustun.
- Lykilatriðum sem líkleg eru til árangurs í samskiptum og samvinnu.
- Áhrifum hópa og hópþrýstings.
- Áhrifum líkamstjáningar í samskiptum.
- Leiðum til að verjast ágengni og sýna sjálfsstyrk.
- Góðum starfsanda og hvað þarf til að viðhalda honum.
- Einkenum kulnunar í starfi og leiðum til úrbóta.

Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- Nota árangursríkar aðferðir í samstarfi.
- Vinna í hópi og teymi með öðrum.
- Bregðast við á viðeigandi hátt, jafnvel í erfiðum aðstæðum.
- Hlusta af athygli, lesa í líkamstjáningu og raddblæ.

Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Koma fram af heilindum við samstarfsfólk, notendur og fjölskyldur þeirra.
- Tileinka sér aðferðir í starfi þar sem ávinningur allra er lykilatriði.

- 
- Vinna á skilvirkan hátt undir álagi og takast á við tímabundnar streituvaldandi aðstæður.
  - Laga sig að aðstæðum sem upp koma í starfinu.

### Námsmat

Leiðbeinandi metur árangur og námsframvindu með fjölbreyttum matsaðferðum án þess að nota hefðbundin próf, til dæmis leiðsagnarmat, úrlausn verkefna og mat á frammistöðu eins og fram kemur í kennsluáætlun.

## Starfið og námið

<b>Prep</b>	2
<b>Vinnustundir</b>	12
<b>Námsgrein</b>	Umönnun
<b>Viðfangsefni</b>	Nám fullorðinna, námstækni, skipulag, vinnumarkaðurinn, vinnustaðamenning

### Lýsing

Tilgangur þessa námsþáttar er að byggja upp persónulega hæfni námsmanna með áherslu á skipulögð vinnubrögð í námi og starfi. Fjallað er um réttindi og skyldur á vinnumarkaði, lög og reglur, öryggismál, leiðsögn, ráðningarform, áminningar og trúnaðarmannakerfið. Einnig um reglur er varða mætingu, framkomu og hegðun á vinnustöðum og vinnusiðferði almennt. Lögð er áhersla á almenna starfshæfni og að námsmenn tileinki sér jákvætt viðhorf til vinnuumhverfis og til náms. Fjallað er um meginmarkmið námsins og rætt er um þær væntingar sem námsmenn hafa til námsins. Rætt er um nám og námsaðferðir, það sem hefur áhrif á nám, svo sem upplag hvers og eins, áhugi, virkni, reglufesta og einbeiting. Kynntar eru mismunandi aðferðir við námstækni og fjallað um mikilvægi samvinnu í námi og ólíka námsnálgun. Jafnframt er í námsþættinum fjallað um vinnuumhverfi og vinnustaðamenningu þar sem horft er til vinnulags í opinberri stjórnsýslu.

### Hæfniviðmið námsþáttar

Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Mismunandi námsnálgun og námstækni.
- Atriðum sem hafa áhrif á nám.
- Leiðum til að þróa starfsvettvang sinn.
- Grundvallaratriðum um störf og skipulag á íslenskum vinnumarkaði.
- Hlutverki trúnaðarmanna.
- Öryggisstefnu og öryggismálum á vinnustað.

Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- Vinna með öðrum að sameiginlegum markmiðum í námi.
- Vinna skipulega, setja markmið og meta framvindu.
- Vinna sjálfstætt eftir skipulagi vinnustaðar.

Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Laga sig að aðstæðum sem upp koma í námi og starfi.
- Sýna sjálfsöryggi í daglegum störfum sínum.
- Vera raunsær í trú á eigin getu.
- Tileinka sér skipulögð vinnubrögð.
- Sýna skilning á vinnuumhverfi, siðareglum og gildum á vinnustað.

- Leggja sitt að mörkum til að móta gott andrúmsloft á vinnustað.

### Námsmat

Lögð er áhersla á fjölbreyttar matsaðferðir í samræmi við viðfangsefni námsþáttarins. Viðmið fyrir eftirfarandi hæfnipætti í skilgreiningu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins á almennri starfshæfni á 2. þrepi má leggja til grundvallar við námsmat: Skipulag og áætlanir, Vinnusiðferði og gildi og Starfsþróun og færniefling. Einnig má hafa til hliðsjónar hæfnipættina: Að vinna að lausnum, Frumkvæði, Gæðavitund, Natni og nákvæmni og Skilningur á starfseminni.

## Áföll og afleiðingar

<b>Prep</b>	2
<b>Vinnustundir</b>	6
<b>Námsgrein</b>	Umönnun
<b>Viðfangsefni</b>	Áföll, afleiðingar, stuðningur

### Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að auka hæfni námsmanna í að veita stuðning við úrvinnslu á alvarlegum atvikum. Í námsþættinum er fjallað um einkenni áfalla og mismunandi áhrif sálarænna áfalla, einkenni áfallastreitu og leiðir til lausna. Fjallað er um viðbrögð þeirra sem lenda í sársaukafullum aðstæðum og hvernig hægt er að veita stuðning og sýna umhyggju við ýmsar tegundir áfalla.

### Hæfniviðmið námsþáttar

Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Algengum einkennum áfalla, kreppu og sorgar.
- Tilfinningalegum, líkamlegum og hugrænum viðbrögðum við áföllum.
- Áhrifum alvarlegra atvika á einstaklinga.
- Forvörnum til að fyrirbyggja áföll eða draga úr áhrifum áfalla.

Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- Bregðast við bráðum áfallastreituvíðbrögðum.

Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Vera reiðubúin til að hlusta.
- Byggja upp öryggi og veita stuðning eftir alvarleg atvik.
- Gera sér grein fyrir áfallaviðbrögðum.

### Námsmat

Leiðbeinandi metur árangur og námsframvindu með fjölbreyttum matsaðferðum án þess að nota hefðbundin próf, til dæmis leiðsagnarmat, úrlausn verkefna og mat á frammistöðu eins og fram kemur í kennsluáætlun.

## Framkvæmd þjónustu við fatlað fólk

<b>Prep</b>	2
<b>Vinnustundir</b>	18
<b>Námsgrein</b>	Umönnun
<b>Viðfangsefni</b>	Greining og mat, þjónustuáætlanir, búseta, frístundir, nám, atvinna með stuðningi.

### Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að kynna mikilvæg atriði við framkvæmd þjónustu við fatlaða og viðurkennd vinnubrögð í þjónustu við fatlað fólk. Megináhersla er lögð á einstaklinginn, heimilið og nánasta umhverfi. Fjallað er um hlutverk starfsmanns á heimilum notenda og um þjónustuleiðir fatlaðs fólks með tilliti til frístunda, áframhaldandi menntunar, atvinnuþátttöku, sjálfsákvörðunarréttar og einstaklingsmiðaðrar þjónustu. Fjallað er um skilgreiningu verkefna, gerð þjónustuáætlana, gagnasöfnun, samanburð og mat. Kynnt er aukið vægi frístunda í meðferð og hvatt er til skapandi hugsunar við skipulagningu, með ólíkar þarfir að leiðarljósi. Gerð er grein fyrir möguleikum fatlaðs fólks til áframhaldandi menntunar eftir að formlegri skólagöngu lýkur og þeim stuðningi sem fötluðu fólki stendur til boða. Einnig er fjallað um atvinnu með stuðningi, þjónustu sveitarfélaga og áherslur Vinnumálastofnunar, ásamt því að fjallað er um vinnulag og nýjungar í atvinnumálum fatlaðs fólks. Í námsþættinum er einnig fjallað um ferli við greiningar og hvað taki við að greiningu lokinni. Þar er áhersla lögð á að kynna frumgreiningar, verkefni greiningarteyma, starfsemi Greiningarmiðstöðvarinnar og sambærilegra aðila og loks þá stoðþjónustu sem er í boði.

### Hæfniviðmið námsþáttar

Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Þjónustuferli félagsþjónustu og framkvæmd þjónustu í viðkomandi sveitarfélagi.
- Grundvallaratriðum í þarfagreiningu og við gerð stöðu- og þjónustumats.
- Hlutverki starfsmanna í þjónustu við fólk í daglegu lífi þess og starfi.
- Starfsemi og vinnulagi greiningarteyma við frumgreiningu.
- Hugmyndafræði og ríkjandi stoðkerfi í atvinnumálum fyrir fatlaða.
- Auknu vægi frístunda í daglegu lífi.
- Helstu úrræðum á sviði búsetu fatlaðs fólks.
- Möguleikum fatlaðs fólks á stuðningi við nám eftir að formlegri skólagöngu lýkur.
- 

Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- Vinna eftir fyrirbyggjandi þjónustuáætlunum.
- Umgangast, aðstoða og leiðbeina fötluðu fólki á eigin heimili.
- Aðstoða fatlað fólk við að nýta möguleika til náms og frístundastarfs.





Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Veita einstaklingsmiðaða þjónustu.
- Sýna frumkvæði við skipulag frístundatilboða og námstækifæra.
- Gera sér grein fyrir meðferðalegu gildi frístundastarfs og atvinnuþátttöku fatlaðs fólks.
- Framfylgja hugmyndafræði sem lögð er til grundvallar og sem ætlað er að auka lífsgæði íbúa.

### Námsmat

Leiðbeinandi metur árangur og námsframvindu með fjölbreyttum matsaðferðum án þess að nota hefðbundin próf, til dæmis leiðsagnarmat, úrlausn verkefna og mat á frammistöðu eins og fram kemur í kennsluáætlun.

## Lokaverkefni

<b>Prep</b>	2
<b>Vinnustundir</b>	50 (10 klst. með leiðbeinanda og 40 klst. í sjálfstætt nám án leiðbeinanda)
<b>Námsgrein</b>	Umönnun
<b>Viðfangsefni</b>	Lokaverkefni

### Lýsing

Tilgangur lokaverkefnisins er að gefa námsmanni tækifæri til að samþætta þá hæfni, leikni og þekkingu sem hann hefur aflað sér í öðrum hlutum námsins. Í námsþættinum dýpkar námsmaður þekkingu sína á ákveðnu viðfangsefni sem unnið hefur verið með í náminu, eflist í að vinna með öðrum og notar kynningaraðferðir sem henta umfjöllun hverju sinni. Einnig er ætlunin að vinnan við lokaverkefnið og útkoma þess verði til hagsbóta fyrir vinnustaðinn eða þá einstaklinga sem eru þjónustaðir í verkefninu. Lokaverkefnið er hópverkefni þar sem námsmenn eflast í að vinna með öðrum að ákveðnum markmiðum. Þeir þurfa að koma verkefninu á framfæri á skýran og skilmerkilegan hátt og sýna fram á að hæfniviðmiðum námsins sé náð.

### Hæfniviðmið námsþáttar

Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Markvissum aðferðum við skipulagningu verkefna.
- Aðferðum við að koma upplýsingum á framfæri.

Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- Vinna í samstarfi við aðra.
- Velja verkefni sem tengist námi og starfi.
- Finna nauðsynlegar upplýsingar sem þarf við verkefnavinnu.
- Beita markvissum kynningaraðferðum.
- Skipuleggja verkefni með aðstoð.

Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Velja vinnuaðferðir í samræmi við verkefni.
- Leysa vandamál sem upp koma í verkefnavinnu.
- Meta framgang eigin verkefnis.
- Meta eigin árangur og árangur hópsins.
- Meta gagnsemi verkefnisins fyrir vinnustaðinn eða starfsgreinina.
- Kynna niðurstöður verkefnis fyrir öðrum.

## Námsmat

Leiðbeinandi metur árangur og námsframvindu með fjölbreyttum matsaðferðum án þess að nota hefðbundin próf, til dæmis leiðsagnarmat, úrlausn verkefna og mat á frammistöðu eins og fram kemur í kennsluáætlun.

## Starfsþjálfun

<b>Prep</b>	2
<b>Vinnustundir</b>	120 klukkustundir í sjálfstætt nám án leiðbeinanda
<b>Námsgrein</b>	Umönnun
<b>Viðfangsefni</b>	Starfsþjálfun

### Lýsing

Tilgangur þessa námshluta er að styðja við yfirfærslu náms á vinnustað og þjálfna þá þekkingu, leikni og hæfni sem byggð hefur verið upp í náminu. Námsmenn sem eru í starfi samhliða námi fá þennan námsþátt metinn en aðrir skila vinnuframlagi sem uppfyllir hæfniviðmiðin að mati fræðsluaðila.

### Hæfniviðmið námsþáttar

Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Grundvallarhugmyndum um stöðu og réttindi fólks með fötlun.
- Mikilvægi árangursríkra samskipta.
- Helstu tegundum fatlana og orsökum þeirra.
- Helstu meðferðarþörfum og þjálfunarúrræðum.
- Verkferlum og skipulagi á vinnustaðnum.

Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- Beita viðeigandi aðferðum eftir þörfum notenda þjónustunnar.
- Eiga árangursrík samskipti.
- Fylgja fyrirfram ákveðnu verklagi á vinnustað.
- Nota góða starfshætti til að mæta þörfum notenda.
- Vinna sjálfstætt eftir skipulagi vinnustaðar.

Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Beita viðeigandi aðferðum eftir þörfum notenda þjónustunnar.
- Eiga árangursrík samskipti.
- Fylgja fyrirfram ákveðnu verklagi á vinnustað.
- Nota góða starfshætti til að mæta þörfum notenda.
- Vinna sjálfstætt eftir skipulagi vinnustaðar.

## Námsmat

Leiðbeinandi metur árangur og námsframvindu með fjölbreyttum matsaðferðum án þess að nota hefðbundin próf, til dæmis leiðsagnarmat, úrlausn verkefna og mat á frammistöðu.

Viðmið fyrir alla hæfnipætti, samkvæmt skilgreiningu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins í almennri starfshæfni á 2. þrepi, má leggja til grundvallar við námsmat: Aðlögunarhæfni, Ábyrg nýting, Árangursrík samskipti, Jafnréttisvitund, Mat og lausnir, Samvinna, Skipulag og áætlanir, Starfsþróun og færniefling, Söfnun og úrvinnsla upplýsinga, Vinnusiðferði og gildi og Öryggisvitund.

## Viðaukar

Viðaukar
Hæfnipættir námsþátta
Færnimappa og / eða verkdagbók

## Hæfnipættir námsþátta

Velferðarþjónustan og hugmyndafræði fötlunar – þrep 2				
	1. Lítil þekking/færni. 2. Nokkur þekking/færni. 3. Góð þekking/færni. 4. Mikil þekking/færni.			
Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:	1	2	3	4
Meginstoðum, helstu þjónustupáttum og hugmyndum um þróun velferðarkerfisins.				
Lykilhugtökum, hugmyndafræði og aðferðum sem unnið er eftir í þjónustu við fatlað fólk.				
Grundvallaratriðum í barnaverndarstarfi og þjónustuúrræðum sem notuð eru við barnavernd, með áherslu á þjónustu við fötluð börn.				
Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:	1	2	3	4
Vinna eftir viðurkenndum aðferðum í þjónustu við fatlað fólk.				
Leita skýringa á þjónustupáttum í helstu lögum og reglugerðum sem lúta að starfi á félags- og heilbrigðissviði.				
Aðstoða notendur þjónustunnar við að leita réttar síns og nýta þjónustuna.				
Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:	1	2	3	4
Hagnýta tengsl á milli hugmyndafræði, markmiða og aðferða sem unnið er eftir.				
Vera fær um að beita gagnrýnni hugsun við framkvæmd þjónustunnar.				
Tileinka sér viðteknar aðferðir innan velferðarþjónustu.				
Leita upplýsinga og gagna með ýmsum miðlum.				
Tryggja að meðferð persónuupplýsinga og gagna sé í samræmi við lög og reglur.				

Dagsetning	Staður	Undirskrift leiðbeinanda

Fatlanir og þjónustustörf – þrep 2				
	1. Lítil þekking/færni. 2. Nokkur þekking/færni. 3. Góð þekking/færni. 4. Mikil þekking/færni.			
Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:	1	2	3	4
Helstu tegundum fatlana og orsökum þeirra.				
Áhrifum fatlana og skerðinga á daglegt líf.				
Einhverfu og helstu einkennum einhverfurósins.				
Helstu kenningum um orsakir og áhrif einhverfurósraskana.				
Notkun málsins til tjáskipa og ýmsum frávikum í máli og tali.				
Óhefðbundnum tjáskiptaleiðum í starfi með fötluðu fólki.				
Eðli og áhrifum heyrnarskerðingar og heyrnarleysis á daglegt líf fólks.				
Helstu þáttum sem skipta máli í umgengni við blinda og sjónskerta.				
Áhrifum alvarlegra hreyfihamlana á daglegt líf fólks.				
Helstu aðferðum í þjálfun og rétttri notkun hjálpartækja.				
Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:	1	2	3	4
Nota aðferðir sem henta notendum þjónustunnar.				
Nota mismunandi tjáskiptaleiðir og tjáningaraðferðir í starfi með fötluðu fólki.				
Nota hjálpartæki í starfi með fötluðu fólki.				
Umgangast fatlað og sjúkt fólk og aðstoða það við daglegt líf.				
Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:	1	2	3	4
Sýna faglega færni í starfi með fötluðu og sjúku fólki.				
Nýta viðeigandi þjónustu hjá sérhæfðum stofnunum.				

Dagsetning	Staður	Undirskrift leiðbeinanda



Erfðir og þroski – þrep 2				
	1. Lítil þekking/færni. 2. Nokkur þekking/færni. 3. Góð þekking/færni. 4. Mikil þekking/færni.			
Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:	1	2	3	4
Helstu greiningaraðferðum erfðafræðinnar.				
Helstu áhrifum erfða og umhverfis á frávik í fósturþróun.				
Ýmsum heilkennum sem hafa áhrif á stöðu einstaklinga.				
Helstu hugmyndum um greindarhugtakið.				
Öldrunarferli og ólíkum þörfum fatlaðs fólks.				
Þörf fatlaðs fólks fyrir kynlíf og hugtökum sem notuð eru í tengslum við það.				
Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:	1	2	3	4
Nota aðferðir sem henta notendum þjónustunnar.				
Vinna með fötluðu fólki og taka tillit til ólíkra þarfa.				
Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:	1	2	3	4
Sýna faglega færni í starfi með fötluðu fólki.				
Koma til móts við sértækar þarfir þeirra sem búa við fötlun eða eru sjúkir.				

Dagsetning	Staður	Undirskrift leiðbeinanda

Mannréttindi og siðferði – þrep 2				
	1. Lítil þekking/færni. 2. Nokkur þekking/færni. 3. Góð þekking/færni. 4. Mikil þekking/færni.			
Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:	1	2	3	4
Mikilvægi siðferðilegra viðmiða í störfum á félags- og heilbrigðissviði.				
Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.				
Viðhorfum sem einkenna þjónustu við fatlað fólk.				
Stöðu fatlaðs fólks í samfélaginu.				
Leiðum sem stuðla að sjálfstæði fatlaðs fólks og valdeflingu.				
Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:	1	2	3	4
Styrkja jákvæða sjálfsmynd notenda þjónustunnar.				
Ræða siðferðileg álitafæni.				
Koma fram af virðingu, setja sig í spor annarra og sýna tillitssemi.				
Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:	1	2	3	4
Sýna dómgreind í siðferðlegum álitamálum.				
Virða sjálfsákvörðunarrétt fatlaðs fólks.				
Tileinka sér virðingu fyrir einkalífi fólks.				

Dagsetning	Staður	Undirskrift leiðbeinanda

Geðsjúkdómar og lyf - þrep 2				
	1. Lítil þekking/færni. 2. Nokkur þekking/færni. 3. Góð þekking/færni. 4. Mikil þekking/færni.			
Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:	1	2	3	4
Helstu flokkum geðsjúkdóma og einkennum þeirra.				
Þáttum sem hafa áhrif á að fólk veikist af geðsjúkdómum.				
Sjúkdómsgreiningum og meðferðarúrræðum geðsjúkdóma.				
Helstu flokkum tauga- og geðlyfja, skammtastærðum, áhrifum og aukaverkunum þeirra.				
Lyfjum og lyfjameðferðum við flogaveiki.				
Hugmyndum um eðli og orsakir þess að fólk ánetjast lyfjum og fíkniefnum.				
Áhrifum ánetjunar á neytandann og þá sem umgangast hann.				
Helstu meðferðarúrræðum í ljósi þeirra sértæku þarfa sem fatlað fólk hefur.				
Einkennum sem hljótast af notkun fíkniefna.				
Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:	1	2	3	4
Nota aðferðir sem henta notendum þjónustunnar.				
Koma fram af virðingu og sýna tillitssemi.				
Umgangast einstaklinga sem eru undir áhrifum og aðstoða þá við daglegt líf.				
Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:	1	2	3	4
Átta sig á mikilvægi þess að nota heildstæðar vinnuaðferðir í þjónustu við fólk með geðsjúkdóma.				
Nýta viðeigandi þjónustu hjá sérhæfðum stofnunum.				
Beita dómgreind við að greina og meta þarfir einstaklinga sem eru í neyslu.				
Beita aðferðum til að vinna með meðvirkni í samskiptum.				

Dagsetning	Staður	Undirskrift leiðbeinanda

Lífstíll og heilsa - þrep 2				
	1. Lítil þekking/færni. 2. Nokkur þekking/færni. 3. Góð þekking/færni. 4. Mikil þekking/færni.			
Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:	1	2	3	4
Hugmyndum og kenningum um lýðheilsu.				
Mikilvægi heilbrigðs lífennis og heilsutengdrar hegðunar.				
Áhrifum neysluvenja á lífstíl og heilsu.				
Algengum smitleiðum og sýkingarvörnum.				
Mikilvægi góðrar tannheilsu og tannverndar.				
Stoð- og hreyfikerfi líkamans.				
Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:	1	2	3	4
Vinna eftir hugmyndum um heilbrigðan lífstíl.				
Beita líkamanum rétt við vinnu og nota viðeigandi hjálpartæki.				
Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:	1	2	3	4
Sýna gott fordæmi með því að tileinka sér heilbrigða lífshætti.				
Gera sér grein fyrir áhrifum góðrar líkamsbeitingar á líkamann og líðan.				
Átta sig á tengslum á milli lífennis og lífsgæða.				

Dagsetning	Staður	Undirskrift leiðbeinanda



Samskipti og samvinna - þrep 2				
	1. Lítil þekking/færni. 2. Nokkur þekking/færni. 3. Góð þekking/færni. 4. Mikil þekking/færni.			
Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:	1	2	3	4
Mismunandi samskiptaleiðum.				
Aðferðum í samtalstækni og virkri hlustun				
Lykilatriðum sem líkleg eru til árangurs í samskiptum og samvinnu.				
Áhrifum hópa og hópþrýstings.				
Áhrifum líkamstjáningar í samskiptum.				
Leiðum til að verjast ágengni og sýna sjálfsstyrk.				
Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:	1	2	3	4
Nota árangursríkar aðferðir í samstarfi.				
Vinna í hópi og teymi með öðrum.				
Bregðast við á viðeigandi hátt, jafnvel í erfiðum aðstæðum.				
Hlusta af athygli, lesa í líkamstjáningu og raddblæ.				
Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:	1	2	3	4
Koma fram af heilindum við samstarfsfólk, notendur og fjölskyldur þeirra.				
Tileinka sér aðferðir í starfi þar sem ávinningur allra er lykilatriði.				
Vinna á skilvirkan hátt undir álagi og takast á við tímabundnar streituvaldandi aðstæður.				
Laga sig að aðstæðum sem upp koma í starfinu.				

Dagsetning	Staður	Undirskrift leiðbeinanda

Starfið og námið - þrep 2				
	1. Lítil þekking/færni. 2. Nokkur þekking/færni. 3. Góð þekking/færni. 4. Mikil þekking/færni.			
Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:	1	2	3	4
Mismunandi námsnálgun og námstækni.				
Atriðum sem hafa áhrif á nám.				
Leiðum til að þróa starfsvettvang sinn. Grundvallaratriðum um störf og skipulag á íslenskum vinnumarkaði.				
Hlutverki trúnaðarmanna.				
Öryggisstefnu og öryggismálum á vinnustað.				
Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:	1	2	3	4
Vinna með öðrum að sameiginlegum markmiðum í námi.				
Vinna skipulega, setja markmið og meta framvindu.				
Vinna sjálfstætt eftir skipulagi vinnustaðar.				
Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:	1	2	3	4
Laga sig að aðstæðum sem upp koma í námi og starfi.				
Sýna sjálfsöryggi í daglegum störfum sínum.				
Vera raunsær í trú á eigin getu.				
Tileinka sér skipulögð vinnubrögð.				
Sýna skilning á vinnuumhverfi, siðareglum og gildum á vinnustað.				
Leggja sitt að mörkum til að móta gott andrúmsloft á vinnustað.				

Dagsetning	Staður	Undirskrift leiðbeinanda

Áföll og afleiðingar - þrep 2				
	1. Lítil þekking/færni. 2. Nokkur þekking/færni. 3. Góð þekking/færni. 4. Mikil þekking/færni.			
Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:	1	2	3	4
Algengum einkennum áfalla, kreppu og sorgar.				
Tilfinningalegum, líkamlegum og hugrænum viðbrögðum við áföllum.				
Áhrifum alvarlegra atvika á einstaklinga.				
Forvörnum til að fyrirbyggja áföll eða draga úr áhrifum áfalla.				
Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:	1	2	3	4
Bregðast við bráðum áfallastreituviðbrögðum.				
Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:	1	2	3	4
Vera reiðubúin til að hlusta.				
Byggja upp öryggi og veita stuðning eftir alvarleg atvik.				

Dagsetning	Staður	Undirskrift leiðbeinanda

Framkvæmd þjónustu við fatlað fólk - þrep 2				
	1. Lítil þekking/færni. 2. Nokkur þekking/færni. 3. Góð þekking/færni. 4. Mikil þekking/færni.			
Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:	1	2	3	4
Þjónustuferli félagsþjónustu og framkvæmd þjónustu í viðkomandi sveitarfélagi.				
Grundvallaratriðum í þarfagreiningu og við gerð stöðu- og þjónustumats.				
Hlutverki starfsmanna í þjónustu við fólk í daglegu lífi þess og starfi.				
Starfsemi og vinnulagi greiningarteyma við frumgreiningu.				
Hugmyndafræði og ríkjandi stoðkerfi í atvinnumálum fyrir fatlaða.				
Auknu vægi frístunda í daglegu lífi.				
Helstu úrræðum á sviði búsetu fatlaðs fólks.				
Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:	1	2	3	4
Vinna eftir fyrirbyggjandi þjónustuáætlunum.				
Umgangast, aðstoða og leiðbeina fötluðu fólki á eigin heimili.				
Aðstoða fatlað fólk við að nýta möguleika til náms og frístundastarfs.				
Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:	1	2	3	4
Veita einstaklingsmiðaða þjónustu.				
Sýna frumkvæði við skipulag frístundatilboða og námstækifæra.				
Gera sér grein fyrir meðferðalegu gildi frístundastarfs og atvinnuþátttöku fatlaðs fólks.				
Framfylgja hugmyndafræði sem lögð er til grundvallar og sem ætlað er að auka lífsgæði íbúa.				

Dagsetning	Staður	Undirskrift leiðbeinanda





Lokaverkefni- prep 2				
	1. Lítil þekking/færni. 2. Nokkur þekking/færni. 3. Góð þekking/færni. 4. Mikil þekking/færni.			
Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:	1	2	3	4
Markvissum aðferðum við skipulagningu verkefna.				
Aðferðum við að koma upplýsingum á framfæri.				
Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:	1	2	3	4
Vinna í samstarfi við aðra.				
Velja verkefni sem tengist námi og starfi.				
Finna nauðsynlegar upplýsingar sem þarf við verkefnavinnu.				
Beita markvissum kynningaraðferðum.				
Skipuleggja verkefni með aðstoð.				
Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:	1	2	3	4
Velja vinnuaðferðir í samræmi við verkefni.				
Leysa vandamál sem upp koma í verkefnavinnu.				
Meta framgang eigin verkefnis.				
Meta eigin árangur og árangur hópsins.				
Meta gagnsemi verkefnisins fyrir vinnustaðinn eða starfsgreinina.				
Kynna niðurstöður verkefnis fyrir öðrum.				

Dagsetning	Staður	Undirskrift leiðbeinanda

Starfsþjálfun- þrep 2				
	1. Lítil þekking/færni. 2. Nokkur þekking/færni. 3. Góð þekking/færni. 4. Mikil þekking/færni.			
Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:	1	2	3	4
Grundvallarhugmyndum um stöðu og réttindi fólks með fötlun.				
Mikilvægi árangursríkra samskipta.				
Helstu tegundum fatlana og orsökum þeirra.				
Helstu meðferðarþörfum og þjálfunarúrræðum.				
Verkferlum og skipulagi á vinnustaðnum.				
Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:	1	2	3	4
Beita viðeigandi aðferðum eftir þörfum notenda þjónustunnar.				
Eiga árangursrík samskipti.				
Fylgja fyrirfram ákveðnu verklagi á vinnustað.				
Nota góða starfshætti til að mæta þörfum notenda.				
Vinna sjálfstætt eftir skipulagi vinnustaðar.				
Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:	1	2	3	4
- Vinna af skilvirkni í krefjandi aðstæðum.				
- Sýna í verki skilning á siðareglum og gildum á vinnustað.				
- Sýna góða starfshætti í samræmi við stefnu vinnustaðar.				
- Fylgja fyrirfram ákveðnum verkferlum og reglum á vinnustað.				
- Leysa algeng verkefni á vinnustað með fullnægjandi hætti.				
- Leggja sitt af mörkum til að auka árangur og bæta gæði.				

Dagsetning	Staður	Undirskrift leiðbeinanda

### Færnimappa og / eða verkdagbók

Hér staðfestir þú með undirskrift þinni að þær upplýsingar sem skráðar hafa verið séu réttar. Ef til vill getur þú fengið yfirmann þinn eða annan umsagnaraðila til að lesa yfir færnimöppuna þína eða verkdagbókina, veita þér endurgjöf og staðfesta upplýsingarnar.

Dagsetning	Staður	Undirskrift þátttakanda

Dagsetning	Staður	Undirskrift umsagnaraðila



FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ  
ATVINNULÍFSINS

MENNTUN Á VINNUMARKAÐI